

Hrísey, perla Eyjafjarðar

Markmið og framtíðarsýn

Önnur útgáfa, 2019



Inngangur

Á haustdögum 2013 kom saman hópur af fólki sem vildi vinna að hagsmunum samfélagsins í Hrísey. Hann starfaði undir heitinu „Áhugahópur um framtíð Hríseyjar“. Hópurinn gerði netkönnun um ýmis málefni og í kjölfarið skipulagði hann málþing um málefni samfélagsins í Hrísey. Í mars 2014 gaf hópurinn út skýrslu um starfið, þar með talið niðurstöður könnunarinnar og skilaboð málþingsins.


Á grundvelli ofangreindrar vinnu hafa verkefnisstjórn og verkefnisstjóri fyrir verkefnið Brothættar byggðir mótað eftirfarandi framtíðarsýn og jafnframt sett fram markmið sem ætlað er að styðja samfélagið í markvissum skrefum í átt að framtíðarsýninni.

Eftir íbúafund í janúar 2019 þar sem farið var yfir starfsmarkmiðin var ákveðið að bæta tíu nýjum markmiðum við. Tvö eldri markmið voru líka tekin úr umferð, en þau tengdust gerð nýs logos fyrir Hrísey og notkunar á því, og eitt markmið er umorðað frá fyrri útgáfu.

Eftir breytingu eru starfsmarkmiðin því 54 talsins í stað 46 áður. Þau markmið sem búið er að ná eru stjórnmerkt.

Framtíðarsýn 2018:

Hrísey skartar vel hirtu og fallegu umhverfi, sannkölluð perla. Samfélagið þar byggir á traustum grunni í sjávarútvegi en býr einnig við nokkra fjölbreytni í atvinnu, meðal annars í þekkingarstörfum og ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Siglingar skapa sérstöðu eyjarsamfélagsins en tekist hefur að miða þær að þörfum notenda þannig að eyjan er hluti af sameiginlegu atvinnusvæði Eyjafjarðar. Hrísey er fallett og gott samfélag þar sem samheldni, rólegheit og náttúrufegurð eru aðalsmerkin.



Meginmarkmið:

Eftirfarandi meginmarkmið hafa það hlutverk að sameina sýn íbúa og annarra sem að verkefninu standa á það hvert stefnir. Þeim er ætlað að "toga" samfélagið í átt að framtíðarsýninni í krafti starfsmarkmiða og aðgerða sem af þeim leiða.

- **Aðlaðandi og aðgengilegt eyjarsamfélag**
- **Fjölbreytt atvinnulíf**
- **Sterkir innviðir**

Starfsmarkmið:

Í tengslum við meginmarkmið eru skilgreind starfsmarkmið eftir því sem tilefni gefst til, þau eru mælanleg, tímasett, samþykkt af ábyrgðaraðila, viðeigandi og raunhæf.

Meginmarkmið 1. Aðlaðandi og aðgengilegt eyjarsamfélag

- Starfsmarkmið 1.1  Gerð verði úttekt á því hvernig áætlun ferjunnar hentar íbúum og ferðafólki og hvað þurfi að bæta fyrir árslok 2016.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og Akureyrarkaupstaður.
Aðgerð 1.1.1. Gerð verði könnun meðal íbúa og gesta um viðhorf til ferjuáætlunarinnar.
- Starfsmarkmið 1.2 Athugaðir verði kostir og gallar þess að ferjan verði alveg gjaldfrjál forir árslok 2016 og kostnaðar- og nytjagreining unnin.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 1.3  Virkum samskiptum við Vegagerðina vegna framtíðar ferjusiglinga verði komið á fyrir september 2016.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, verkefnisstjórn og Verkefnisstjóri.
Aðgerð 1.3.1. Komið verði á fundi með umdæmisstjóra Vegagerðarinnar með verkefnisstjórn og verkefnisstjóra.
- Starfsmarkmið 1.4  Aðstöðuhúsi verði komið fyrir á bryggjunni á Árskógssandi fyrir lok september 2016.
Ábyrgð: Vegagerðin, Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar, Dalvíkurbyggð og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 1.5  Aðkoma hríseyinga að vinnu við nýtt Aðalskipulag Akureyrarbæjar verði tryggð. Skoðuð verði skilyrði í skipulagi í Hrísey m.t.t. þeirrar byggðar sem fyrir er. Lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Skipulagsdeild Akureyrarkaupstaðar, Hverfisráð Hríseyjar, Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.
Aðgerð 1.4.1. Verkefnisstjóri kynnir sér formlegt ferli skipulagsvinnunar.

Starfsmarkmið 1.6 ★ Vinna við deiliskipulag hafnarsvæðisins í Hrísey verði hafin sumarið 2016. Vandað verði til skipulagsvinnunnar og hún unnin í miklu samstarfi við íbúa í eygni.

Ábyrgð: Skipulagsdeild Akureyrarkaupstaðar, Hverfisráð Hríseyjar, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.

Starfsmarkmið 1.7 Almenningsamgöngum Strætó niður á Árskógssand verði komið á fyrir haustið 2017. Passa verður upp á að tímasetningar falli að mestu leyti að áætlun ferjunnar.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Eyþing og verkefnisstjórn.

Starfsmarkmið 1.8 ★ Farið verði í hreinsunaráttak í eygni, bæði á svæðum í eigu bæjarins og á svæðum í einkaeign samhliða árlegu hreinsunaráttaki sveitarfélagsins fyrir lok ágúst 2016.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri, eyjaskeggjar og Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar.

Starfsmarkmið 1.9 ★ Umhverfi sorpílata og flokkunarstöðva verði bætt og flokkun aukin fyrir júlí 2016. Flokkunarílát og fræðsla um sorpflokkunina verði sýnileg ferðamönnum fyrir sumar 2017.

Ábyrgð: Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar og verkefnisstjóri



Starfsmarkmið 1.10 Kanna viðhorf íbúa til fækkunar bíla. Athuga hvaða leiðir væri hægt að fara til þess; rafbílar, leigubíll, þjónustubíll eða deilibíll. Skoðanir íbúa og mat á raunhæfi hugmynda athugað fyrir mitt ár 2017.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Orkusetun.

- Starfsmarkmið 1.11** Kannað verði viðhorf íbúa til þess að skilgreina göturnar, eða hluta gatna, í Hrísey sem vistgötur. Skoðanir íbúa og mat á raunhæfi hugmyndar athuguð fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri verkefnisstjórn og Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 1.12** Lagt verði mat á kosti og galla þess að Hrísey sækir um að gerast aðildarbær Cittaslow hreyfingarinnar fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn í samvinnu við Akureyrarbæ.
- Starfsmarkmið 1.13** Tryggja að unnin verði áætlun um stöðvun framgangs ágengra plantna í Hrísey fyrir lok maí 2016. Unnið verði eftir áætluninni og hún uppfærð á hverju ári ef þarf. Sífelld markmið.
Ábyrgð: Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar og Verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 1.14** Klára gerð áningar- og útsýnisstaðar efst á eyjunni. Verki lokið sumarið 2016.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Ferðamálafélag Hríseyjar og Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 1.15**  Gerð verði þarfagreining fyrir lýsingu í Hrísey út frá þörfum íbúa, atvinnulífs og ferðamanna. Klárað fyrir lok árs 2016.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, Rarik og Akureyrarkaupstaður í samvinnu við fagaðila.
- Starfsmarkmið 1.16**  Hefja samstarf við Rarik og forgangsraða þeim úrbótum sem þarf að fara í fyrir lok árs 2016. Framkvæmdum við bættu lýsingu í samræmi við framtíðarsýn lýsingar í Hrísey verði lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn, Akureyrarkaupstaður og Rarik.
- ~~**Starfsmarkmið 1.17** Merki (logo) fyrir Hrísey tilbúið fyrir vor 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og Akureyrarstofa.~~
- Starfsmarkmið 1.18** Sérstaða Hríseyjar verði betur nýtt til markaðssetningar. Markviss markaðssetning Hríseyjar í anda meginmarkmiða verkefnisins. Nýtt kynningarefni og merkingar samræmdar fyrir sumar 2017.
Ábyrgð: Akureyrarstofa, verkefnisstjórn, Ferðamálafélag Hríseyjar og ferðaþjónustuaðilar.
- Starfsmarkmið 1.19** Ferjan verði rafvædd eða keypt ný rafmagnsferja til þess að sigla til Hríseyjar. Lokið fyrir árið 2022.
Ábyrgð: Akureyrarbær, verkefnisstjórn og Vegagerðin
- Starfsmarkmið 1.20** Sveitarfélagið styðji betur við fjölskyldur þeirra barna og ungmenna sem sækja skóla, tómstundir og afþreyingu til Akureyrar með því að koma upp deilibíl á Árskógssandi eða greiða niður akstur. Komið á fyrir haustið 2019.
Ábyrgð: Akureyrarbær og verkefnisstjórn

Meginmarkmið 2. Fjölbreytt atvinnulíf

- Starfsmarkmið 2.1** ★ Tryggja áframhaldandi aflamark (Byggðastofnunar) til næstu ára. Lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Útgerðin/vinnslan, verkefnisstjóri og Byggðastofnun.
- Starfsmarkmið 2.2** Finna leiðir til að auka fullvinnslu sjávarafurða í Hrísey og gera framkvæmdaáætlun. Lokið fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Frumkvöðlar, AFE og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 2.3** Skilgreina reglur um notkun á merki Hríseyjar í handverki og iðnaði fyrir lok árs 2016. Smáiðnaður, matvælaíðnaður, minjagripaframleiðsla og allskyns handverk geti notað sameiginlegt markaðsefni. Merki Hríseyjar.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, Ferðamálafélag Hríseyjar og Akureyrarstofa.
- Starfsmarkmið 2.4** Akureyrarbær sem atvinnuveitandi. Athuga áhuga þeirra starfsmanna bæjarins, sem það geta, að búa og vinna í Hrísey. Ný störf sem uppfylla skilyrði verði jafnan auglýst sem störf án staðsetningar í sveitarfélaginu.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og Verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 2.5** ★ Teknar verði saman upplýsingar um laust íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Hrísey, sama hvort það er til leigu eða til sölu, og upplýsingarnar gerðar aðgengilegar. Tilbúið sumarið 2016. Ábyrgð: Verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 2.6** ★ Veitinga- og/eða kaffihús taki til starfa í Hrísey fyrir júní 2016.
Ábyrgð: Frumkvöðlar í samstarfi við AFE og verkefnisstjórn.



- Starfsmarkmið 2.7** Taka saman yfirlit yfir möguleika á fleiri störfum í fjarvinnu, úthringingum eða gagnavinnslu með tilliti til bættra fjarskipta í Hrísey fyrir júní 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri.

- Starfsmarkmið 2.8** ★ Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft. Að minnsta kosti tvö nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengd atvinnulífi í Hrísey verði komin í gang fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: AFE og verkefnisstjórn í samvinnu við atvinnulíf í Hrísey.
- Starfsmarkmið 2.9** Athuga hvort grundvöllur sé fyrir heilsutengdri ferðapjónustu í Hrísey. Klárast fyrir árslok 2018.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og AFE.
Aðgerð 2.13.1 Kortleggja hugmyndir og þá þjónustu sem nú þegar er í boði.
- Starfsmarkmið 2.10** ★ Ferðapjónusta í Hrísey verði eflð og að minnsta kosti þrjú ný ferðapjónustutengd fyrirtæki hafi hafið starfsemi í eygni fyrir júní 2017.
Ábyrgð: Frumkvöðlar í ferðapjónustu, AFE og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 2.11** Farið verði í frekari vinnu við að útbúa og auglýsa aðstöðu í Hlein fyrir sjálfstætt starfandi eða fólk í fjarvinnu. Hugað verði að eflingu þessarar hugmynda í samstarfi við Akureyrarbæ og fleiri aðila. Lokið fyrir sumar 2019.
Ábyrgð: Verkefnastjóri, verkefnisstjórn og Akureyrarbær
- Starfsmarkmið 2.12** Unnið verði að því að vekja áhuga fjárfesta á því að koma á fót hóteli í Hrísey. Upplýsingapakki fyrir áhugasama fjárfesta um hótelluppbyggingu í Hrísey verði tilbúinn fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Verkefnastjóri og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
- Starfsmarkmið 2.13** Stefnt verði að því að ferðamálafulltrúi fyrir Hrísey taki til starfa fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Akureyrarbær
- Starfsmarkmið 2.14** ★ Sveitarfélagið felli niður eða gefi afslátt af gatnagerðargjöldum til þess að reyna að draga að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta. Lokið fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Akureyrarbær
- Starfsmarkmið 2.15** Gert verði markvisst átak í því að gera meira úr sértöðu Hríseyjar í markaðssetningu og unnið að fjölbreyttari afþreyingarkostum sem byggja á því sem nú þegar er til staðar eins og myrkrið, kyrrðin, norðurljósín og fuglalíf. Þrír nýir afþreyingarmöguleikar verði þróaðir fyrir sumarið 2020.
Ábyrgð: Verkefnastjóri, Akureyrarstofa og frumkvöðlar í Hrísey
- Starfsmarkmið 2.16** Hrísey verði kynnt fyrir öðrum íbúum sveitarfélagsins sem og öðrum íbúum á Eyjafjarðarsvæðinu sem áhugaverður staður til þess að heimsækja, sumar sem vetur. Lokið árið 2019.
Ábyrgð: Akureyrarbær, Akureyrarstofa og verkefnisstjórn



Meginmarkmið 3. Sterkir innviðir

- Starfsmarkmið 3.1** Könnun gerð á þörf fyrir heimaþjónustu fyrir aldraða, þrif og aðra aðstoð. Hugað sé að því að kynna vel fyrir eldri borgurum þá þjónustu sem þeim stendur til boða í Hrísey. Lokið haustið 2019.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, HSN og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 3.2** ★ Athuga þörf og fýsileika dvalar-/hjúkrunarheimilis í Hrísey. Úttekt kláruð fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 3.3** ★ Festa í sessi mánaðarlega heimsókn hjúkrunarfræðings til Hríseyjar næstu þrjú ár með fundi með Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Lokið fyrir haust 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
- Starfsmarkmið 3.4** Athugað verði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að auka aðgang íbúa Hríseyjar að fjarþjónustu á sviði heilsugæslu og félagsþjónustu. Sífelld markmið sem skoðist að hausti á hverju ári enda tækniþróunin hröð.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn
- Starfsmarkmið 3.5** ★ Athuga fyrir árslok 2017 hvort hægt sé að koma á fjarlyfjaafgreiðslu í samstarfi við apótek og búðina eða annan aðila í Hrísey.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 3.6** ★ Viðtalstímum bæjarfulltrúa í eygni verði fjölgað. Fastri reglu verði komið á fyrir haustið 2016. Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 3.7** Kynna hverfisráð betur sem millilið í stjórnsýslunni og efla þannig upplýsingaflæði milli Akureyrar og Hríseyjar.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og Hverfisráð Hríseyjar.

- Starfsmarkmið 3.8** Athuga hvort hægt sé að bjóða þeim starfsmönnum Akureyrarbæjar sem það geta að vera með starfsstöð í Hrísey í lengri eða skemmri tíma, ss. „skiptivinna“. Klárast fyrir haustið 2016.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 3.9** ★ Starf leik- og grunnskóla í Hrísey verði samþætt betur þannig að skólinn myndi eina heild. Lokið fyrir haustið 2016.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og starfsfólk Hríseyjarskóla.
- Starfsmarkmið 3.10** ★ Hríseyjarskóli taki þátt í samstarfi, bæði alþjóðlegu sem innlendu. Samstarfi komið á fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Hríseyjarskóli og Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 3.11** ★ Tekin verði upp náms- og uppeldisstefna sem hentar skóla í litlu samfélagi. Skoðað og innleitt á árunum 2016-2018.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður og starfsfólk Hríseyjarskóla.
- Starfsmarkmið 3.12** Athuga kosti og galla þess að gera leikskólann í Hrísey gjaldfrjálssann fyrir sumarið 2017.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður.
- Starfsmarkmið 3.13** Tryggja að Salthúsinu við Sandhorn verði fundið hlutverk sem stuðli að betri nýtingu hússins í sátt við íbúa og atvinnulíf.
Ábyrgð: Byggðastofnun, Akureyrarkaupstaður, Verkefnisstjórn og Hverfisráð Hríseyjar.
- Starfsmarkmið 3.14** ★ Koma á reglu á æfingum og fræðslu fyrir slökkviliðsmenn fyrir haustið 2016.
Ábyrgð: Slökkvilið Akureyrar og Slökkvilið Hríseyjar.
- Starfsmarkmið 3.15** Tryggt verði að vararafstöð í Hrísey sé til staðar, í lagi og hafi umsjónarmann. Fyrir lok árs 2017.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn, verkefnisstjóri, Akureyrarkaupstaður og Rarik.



- Starfsmarkmið 3.16** ★ Gerð verði úttekt og forgangsröðun á því hvaða búnað vantar í Íþróttahúsið í Hrísey svo það nýtist sem fjölnota hús m.a. til alhliða íþróttaiðkunar, funda- og ráðstefnuhalds. Úttektina má svo hafa til hliðsjónar þegar sveitarfélagið vinnur að fjárhagsáætlun næstu ára.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri.
- Starfsmarkmið 3.17** Gerð verði athugun á nýtingu og opnunartímum Íþróttahúss og sundlaugar með það fyrir augum að efla íþróttaiðkun Hríseyinga á öllum aldri. Klárast fyrir árslok 2017.
Ábyrgð: Akureyrarkaupstaður, Ungmennafélagið Narfi, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.
- Starfsmarkmið 3.18** Boðið verði upp á fræðslu- eða tólmstundanámskeið í Hrísey a.m.k. þrisvar á ári. Skoðaðir verði möguleikar á fjarnámskeiðum. Sífelld markmið.
Ábyrgð: Verkefnisstjóri og Akureyrarbær í samstarfi við SíMEy.
- Starfsmarkmið 3.19** Kannaðir verði möguleikar á því að láta leggja ljósleiðara til Hríseyjar svo eyjan sé samkeppnishæf bæði þegar kemur að avinnuuppbyggingu sem og fjölgun íbúa. Lokið fyrir árslok 2019.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Akureyrarbær.
- Starfsmarkmið 3.20** Ráðist verði í nauðsynlegar endurbætur á höfninni og hún rafvædd með breytta orkunotkun ferjunnar og bíla í huga. Hugað verði að öryggismálum, búinn til rampur og sett upp skýli fyrir þá sem bíða. Lokið fyrir árið 2021.
Ábyrgð: Verkefnisstjórn og Akureyrarbær í samvinnu við Hafnasamlag Norðurlands